

Úrskurðarnefnd auðlinda- og umhverfismála

Skuggasundi 3

101 Reykjavík

MÓTTEKIÐ

9. Nóv. 2017

Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

STJÓRNSÝSLUKÆRA

1. Kærendur

Anna Sveinsdóttir, kt. 090864-2389, Heiðvangur 8, 220 Hafnarfjörður.

Magnús Bjarnason, kt. 190863-4769, Heiðvangur 8, 220 Hafnarfjörður.

2. Fyrirsvar

Árni Helgason, hdl., CATO Lögmönnum, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

3. Hin kærða ákvörðun

Ákvörðun Garðabæjar, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæjar, um að loka vegtengingu milli Herjólsbrautar og Garðahraunsvegur og að synja athugasemdir kærenda við deiliskipulag fyrir Prýði (Garðahraun), sem var auglýst þann 7. september 2016.

4. Kröfugerð

Kærendur krefjast þess aðallega að ákvörðun Garðabæjar um að samþykkja tillögu um breytingu á deiliskipulagi fyrir Prýði (Garðahraun), sem var auglýst þann 7. september 2016 og birt endanlega í B-deild Stjórnartíðinda 10. október 2017, verði felld úr gildi hvað varðar lokun á vegtengingu milli Herjólsbrautar og Garðahraunsvegur.

5. Kæruheimild

Kveðið er á um kæruheimild í 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að ákvörðun Garðabæjar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann 10. október 2017, sbr. fylgiskjal nr. 2.

6. Málsatvik og málsástæður kærenda

Kærendur búa í fasteign við Heiðvang 8 í Hafnarfirði. Upphaflega byggðu foreldrar Magnúsar húsið en kærendur keyptu það síðar af foreldrum Magnúsar. Allar götur frá því að þau fluttu þangað fyrst 1976 hefur verið unnt að keyra Herjólsbraut út á Garðahraunsveg, sjá fylgiskjal nr. 3.

Þann 7. september 2016 auglýsti Garðabær tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið, sem var tilgreint sem deiliskipulag fyrir Garðahraun (Prýði). Sjá fylgiskjal nr. 4.

Í tillögunni felst að umræddri tengingu verður lokað. Í meðförum bæjaryfirvalda Garðabæjar, varð sú breyting gerð á að opnað verður fyrir neyðarakstur um gatnamótin, sjá fylgiskjal nr. 5. Ekki var að öðru leyti fallist á fram komnar athugasemdir.

Kærendur voru meðal þeirra sem skrifuðu undir andmæli vegna fyrirhugaðrar breytingar. Með bréfi, dags. 29. september sl. var þeim tilkynnt að ekki hefði verið fallist á athugasemdir þeirra.

Kærendur ítreka andmæli sín við þessari breytingu, sem er verulega íþyngjandi fyrir þau og aðra íbúa í nágrenninu. Ástæða þess að loka þarf þessari vegtengingu núna er óljós og ekki hefur verið færð fram nein rök fyrir því að loka tengingunni.

Breytingin felur í sér að vegur, sem hefur verið notaður áratugum saman og var lagður fyrir opinbert fé, er ekki lengur í boði fyrir verulegan hluta þeirra sem nota hann daglega. Þetta veldur því að umferð um hverfi kæranda verður þyngri og erfiðari þar sem lokað er á mikilvæga tengingu á milli samfélaga. Þetta felur í sér veruleg óþægindi fyrir umrætt hverfi með tilheyrandi afleiðingum, t.d. getur þetta komið fram í lægra fasteignaverði á fasteigna kæranda og öðrum fasteignum í kring.

Að mati kæranda er hér verið að opna á þróun, sem getur ekki talist vera heppileg, þar sem eitt sveitarfélag fer þá leið að loka vegtengingu við annað bæjarfélag, án þess að þurfa að taka á nokkurn hátt tillit til hagsmuna íbúanna í hinu sveitarfélaginu. Þá er ekki að sjá að samráð hafi verið haft við Vegagerðina í samræmi við áskilnað 4. mgr. 28. gr. vegalaga nr. 80/2007. Verulegar líkur eru á því að umferð um Reykjavíkurveg, sem er þjóðvegur í skilningi fyrrgreindra laga, muni stórauðkast vegna þessarar breytingar.

Gera kærendur því þá kröfu að ákvörðun Garðabæjar verði felld úr gildi.

7. Framlögð gögn

Kærandi leggur fram eftirfarandi gögn ásamt kæru þessari:

1. Kæra þessi
2. Auglýsing um samþykkt deiliskipulag, birt í B-deild Stjórnartíðinda 10. október 2017
3. Kort af svæðinu
4. Auglýsing um tillögu um nýtt deiliskipulag, auglýst í Fréttablaðinu 7. september 2016
5. Fundargerð skipulagsnefndar 9. mars 2017

8. Áskilnaður

Kærandi áskilur sér rétt til þess að koma að frekari gögnum, málsástæðum og sjónarmiðum vegna málsins á meðan það er í meðferð nefndarinnar, ef tilefni gefst til.

Reykjavík, 8. nóvember 2017

Virðingarfyllst,


 F.H. Arnar Helgason, hdl.
 CATO Lögmenn
 kt. 111280-5099